

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag fyrir nýtt lögbýli við Brúará úr landi Efri-Reykja.*
Deiliskipulagið nær yfir nýtt lögbýli á lóðinni Efri-Reykir lóð 2 sem er um 2,5 ha að stærð þar sem gert er ráð fyrir allt að 180 m² íbúðarhúsi, 40 m² gestahúsi og 300 m² skemmu.
Samþykkt í sveitarstjórn 8. maí 2014.
2. *Breyting á deiliskipulagi Laugarvatns, áningarstaður, bálskýli.*
Í breytingunni felst að afmörkuð er lóð og byggingarreitur fyrir bálskýli og salernisaðstöðu á áningarstað ofan þjóðveggar. Jafnframt breytist afmörkun deiliskipulagsins og afmörkun aðliggjandi deiliskipulags sem auglýst er samhliða breytingu þessari.
Samþykkt í sveitarstjórn 2. október 2014.
3. *Breyting á deiliskipulagi tjald- og þjónustumiðstöðvarinnar á Laugarvatni.*
Í breytingunni felst að mörk tjaldsvæðis á Laugarvatni breytast til samræmis við deiliskipulag þéttbýlis á Laugarvatni samþykkt 8. nóvember 2012 og til samræmis við breytingu á deiliskipulagi Laugarvatns vegna fyrirhugaðs áningarstaðar sem auglýst er samhliða breytingu þessari.
Samþykkt í sveitarstjórn 11. desember 2014.
4. *Breyting á deiliskipulagi Reykhólts, Friðheimar.*
Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir tveimur 56 m² lóðum undir spennistöðvar á lóð Garðyrkjjustöðvarinnar Friðheima.
Samþykkt í sveitarstjórn 13. nóvember 2014.
5. *Breyting á deiliskipulagi Kjarnholts 1 lóð 6.*
Í breytingunni felst að heimilt verður að reisa allt að 300 m² íbúðarhús í stað allt að 250 m² gistihúss.
Samþykkt í sveitarstjórn 11. desember 2014.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 27. janúar 2015.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.